

Nd.

657. Nefndarálit

[195. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á móti og ráðstafa fram-  
lögum samkvæmt áætlun um fjárhagslega viðreisn Evrópu.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess.  
Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að það verði samþykkt.

Minni hl. nefndarinnar (EOI) mun skila sérstöku nefndarálití.

Meiri hl. bendir á, að samkv. 2. gr. frv. er óheimilt að nota þessi væntanlegu  
framlög í erlendum gjaldeyri til annars en kaupa á efnavörum, vélum og tækjum  
til þeirra framkvæmda, sem taldar eru í þeirri 4 ára áætlun um fyrirhugaðar fram-  
kvæmdir til þess að tryggja fjárhagslegt og atvinnulegt öryggi hér á landi, er ríkis-  
stjórnin hefur látið gera og skýrt var frá snemma á yfirstandandi Alþingi, og leggur  
meiri hl. áherzlu á, að frá þessu verði ekki vikið.

Þykir rétt að vekja hér athygli á þessari áætlun, sem er í stórum dráttum sund-  
urliðuð þannig:

1. Aukning fiskiflotans.
2. Aukning síldariðnaðarins.
3. Bygging lýsisherzluverksmiðju.
4. Bygging fiskimjölsverksmiðju.
5. Aukning kaupskipaflotans.
6. Aukning hraðfrystihúsanna.
7. Bygging skipasmíðastöðvar og þurrkvíar.
8. Kaup á landbúnaðarvélum og aukning ullarverksmiðju.
9. Bygging raforkuvera.
10. Bygging áburðarverksmiðju.
11. Bygging sementsverksmiðju.
12. Bygging kornmyllu.

Að sjálfsögðu er ekki hér með ákveðið, að framkvæmdirnar eigi að vera í þeirri  
röð sem þær eru taldar.

Þegar þessar framkvæmdir allar eru dregnar saman verður heildarkostnaður  
eins og hér segir:

	Millj. doll. Erl. gjaldeyri	Millj. doll. Innl. kostnaður
2+10 togarar og viðhald .....	9.44	
Síldarverksm. og fleira .....	2.3	2.5
Lýsisherzluverksm. ....	0.8	0.4
Fiskimjölsverksm. ....	0.6	1.0
Kaupskip .....	10.83	
Hraðfrystihús og iðjuver .....	1.75	2.25
Þurrkvíar og skipasmíðast. ....	1.5	2.8
Landbúnaðarvélar .....	9.5	
Raforkuvinnsla .....	8.2	11.8
Raflinuefni .....	4.3	2.0
Áburðarverksmiðja .....	3.8	3.1
Sementsverksmiðja .....	1.5	1.5
Kornmylla .....	0.7	0.3
Samt.	55.25	27.65

eða 361.69 millj. kr. erl. gjaldeyri  
og 181.11 — — isl. —  
542.8 — — samtals  
eða 135.7 — — á ári að meðaltali.

Alþingi, 6. maí 1949.

Ásgeir Ásgeirsson,  
form.

Jóhann Hafstein,  
fundaskr., frsm.  
Skúli Guðmundsson.

Axel Guðmundsson.